

## Lilja Ólafardóttir

---

**From:** Ásta Dóra Valgeirsdóttir <astad@simnet.is>  
**Sent:** fimmtudagur, 1. desember 2022 17:53  
**To:** Lilja Ólafardóttir  
**Subject:** Styrkur

Til Bæjarrtjórnar,

Undirrituð fyrir hönd kóranna á Snæfellsnesi sækir um styrk vegna tónleikahalds á Aðventunni

Með bestu kveðju  
Ásta Dóra Valgeirdóttir

# **Reglur fyrir geymslusvæði Snæfellsbæjar við námusvæði ofan Rifs**

## **1. gr.**

### **Almennt**

Reglur þessar eru um leigustæði á geymslusvæði við grjótnámu ofan Rifs. Ætlunin er að koma á móts við aðila sem þurfa geymslustæði fyrir gáma.

Leigutakar skulu uppfylla minnst eitt af eftirtöldum skilyrðum: eiga lögheimili í Snæfellsbæ, eiga fasteign í Snæfellsbæ eða vera með atvinnustarfsemi í Snæfellsbæ.

## **2. gr.**

### **Umsóknarferli og úthlutun**

Sækja skal um stæði fyrir gám á þar til gerðum eyðublöðum um stöðuleyfi. Fram komi nafn, heimilisfang og kennitala umsækjanda. Tilgreina skal áætlaðan leigutíma og tegund gáma og skal umsóknarblað staðfest af umsækjanda. Tæknideild Snæfellsbæjar afgreiðir umsóknir í þeirri röð sem þær berast. Leigutaka er óheimilt að endurleigja úthlutuðu stæði til annarra. Tæknideild Snæfellsbæjar hefur umsjón með svæðinu og niðurröðun gáma á þau stæði sem eru til úthlutunar.

## **3. gr.**

### **Gjaldtaka**

Leigutaki fær lykil að svæðinu og skal leggja fram með staðgreiðslu 15.000,- króna tryggingu við afhendingu lykils. Tryggingin endurgreiðist við skil á lykli við lok leigutíma, eftir að stæðið hefur verið tæmt.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á leigðu stæði er 1 mánuður m.v. 1. hvers mánaðar.

Leigugjald er innheimt einu sinni á ári, fyrirfram fyrir minnst eitt ár. Verði áætlaður leigutími styttri en samningur hljóðar uppá skal endurgreiða leigutaka hlutfallslega m.t.t. eftirstöðva leigutíma, einungis eru endurgreiddir heilir, óhafnir mánuðir. Svæðið er ekki vakt og eru gámar á geymslusvæðinu alfarið á ábyrgð eigenda. Hafí gámar ekki verið sóttir innan 2ja mánaða eftir að umsömdum leigutíma lýkur eða greiðslufall hefur orðið, áskilur leigusali sér rétt til að selja eigur viðkomandi aðila fyrir áföllnum kostnaði.

Leiguverð per ár er skv. gjaldskrá Snæfellsbæjar fyrir byggingarleyfis-, þjónustu-, og framkvæmdaleyfisgjöld.

Tæknideild Snæfellsbæjar sér um innheimtu allra gjalda skv. gjaldskrá. Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum verða reiknaðir dráttarvextir af gjaldfallinni fjárhæð skv. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

#### 4. gr.

##### Útlit, umgegning og aðstaða

Gámar á geymslusvæðinu skulu vera snyrtilegir og málaðir.

Leigutaka er skylt að ganga vel um svæðið og gæta að því að valda ekki öðrum leigutökum ónæði eða óþægindum. Óheimilt er að geyma hluti ofan á eða umhverfis gáma sem eru á svæðinu. **Leigutaki skal loka og læsa hliði geymslusvæðisins við brottför.** Leigutaki skal skila sínu stæði í sama ásigkomulagi og við afhendingu.

Leigutaki ber einn ábyrgð á því sem hann geymir á svæðinu. Leigutaki þarf að ganga þannig frá að ekki skapist slysa- eða fokhætta. Leigutaki ber alla ábyrgð á þeim skemmdum sem eiga á hans vegum valda.

Hvorki er aðgangur að vatni né rafmagni á geymslusvæðinu. Svæðið er eingöngu geymslusvæði en ekki vinnusvæði.

**Geymsla spilliefna á svæðinu er með öllu óheimil.**

Heimilt er að synja um geymslu gáma sem ekki uppfylla ákvæði 4. greinar.

#### 6. gr.

Reglur þessar eru fyrir geymslusvæði við grjótnámu ofan Rífs og taka gildi frá 1.janúar 2023. Leigufjárhæð og reglur þessar geta breyst í samræmi við ákvörðun bæjarstjórnar Snæfellsbæjar. **Geymslusvæðið er í nágrenni við námusvæði þar sem unnið er við sprengingar og með sprengiefni og þar er umferð vegna grjót- og efnisflutninga.**

Brot á ofangreindu varða ákvæði í 2.6.2. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012.

**Samþykkt á fundi umhverfis- og skipulagsfndar xx.xx.2022**

**Samþykkt á fundi bæjarstjórnar xx.xx.2022**



# Minnispunktur

## um sérsöfnun úrgangs í Snæfellsbæ og Grundarfjarðarbæ

- Tekið saman eftir spjallfund 30. nóv. 2022 -

---

Á spjallfundi á Teams 30. nóvember 2022 var rætt um hugsanlegar útfærslur á sérsöfnun úrgangs í Snæfellsbæ og Grundarfjarðarbæ með hliðsjón af þeim breytingum á lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 sem taka gildi 1. janúar 2023. Umræðan snerist fyrst og fremst um fyrirkomulagið í þéttbýlisstöðum sveitarfélaganna – og þá einkum í sérbýli, en í lögnum er tiltekið svigrúm til að útfæra söfnunina á annan hátt í dreifbýli. Fundinn sátu bæjarstjórar beggja sveitarfélaganna (Kristinn Jónasson og Björg Ágústsdóttir), svo og Stefán Gíslason, umhverfisráðgjafi hjá Environice. Hann tók saman þessa minnispunkta að fundi loknum.

### 1 Núverandi staða

#### 1.1 Snæfellsbær

Tveggja tunnu kerfi. Plasti, pappír og málmum er safnað saman í aðra tunnuna (hér eftir nefnd „græna tunnan“ þó að liturinn sé í sjálfu sér valkvæður) og óflokkuðum (blönduðum) úrgangi í hina (hér eftir nefnd „gráa tunnan“ þó að liturinn sé í sjálfu sér valkvæður). Samningur við verktaka (Terra) getur verið laus með stuttum fyrirvara.

#### 1.2 Grundarfjarðarbær

Þriggja tunnu kerfi. Plasti, pappír og málmum er safnað saman í græna tunnu, lífúrgangi í sérstaka minni tunnu (hér eftir nefnd „brúna tunnan“ þó að liturinn sé í sjálfu sér valkvæður) og óflokkuðum (blönduðum) úrgangi í gráa tunnu. Verktaki (ÍGF) sinnir úrgangspjónustunni. Nýtt útboð er á frumstigum.

### 2 Nauðsynlegar breytingar

Samkvæmt þeim lagaákvæðum sem taka gildi 1. janúar 2023 skal „[s]érstök söfnun á pappír og pappa, plasti og lífúrgangi [...] fara fram á sem aðgengilegastan hátt við íbúðarhús og hjá lögaðilum í þéttbýli. Söfnunin skal fara fram innan lóðar viðkomandi íbúðarhúss eða lögaðila. Þó er heimilt að hafa sameiginlega söfnun úrgangs fyrir aðliggjandi lóðir að því tilskildu að öll söfnun úrgangs færist af viðkomandi lóðum“. Þetta þýðir m.a. að aðskilja þarf pappír og plast í söfnunarkerfum beggja sveitarfélaganna sem hér um ræðir og að hefja þarf söfnun lífúrgangs í Snæfellsbæ.

### 3 Mögulegar útfærslur

Í sinni einföldustu mynd kalla breytingarnar sem hér eru til umræðu á að komið verði upp fjórum úrgangsilátum við hvert heimili, en bæjarstjórar beggja sveitarfélaganna sem í hlut eiga telja óheppilegt að fjölga úrgangsilátum við heimahús umfram það sem þegar er orðið. Tvískiptar tunnur á borð við þær sem ætlunin er að setja upp við sérbýli á höfuðborgarsvæðinu þykja líka hafa ýmsa galla. Ræddur var sá möguleiki að íbúar safni plastumbúðum í glæra plastpoka, loki þeim og setji þá þannig í grænu tunnuna með pappírnum. Færa má rök fyrir því að þetta fyrirkomulag „*tryggi sambærileg gæði úrgangsins og fæst með sérstakri söfnun*“, eins og það er orðað í 10. gr. laganna. Á þeim forsendum gæti umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hugsanlega veitt undanþágu til að viðhafa þetta fyrirkomulag í stað þess að safna þessum úrgangsflokkum í sitt hvort ílátið.

Lífúrgangi er nú þegar sérsafnað í Grundarfjarðarbæ, en ljóst er að taka þarf upp slíka söfnun í Snæfellsbæ. Þar eru uppi hugmyndir um svokallað „tunnu í tunnu“ fyrirkomulag, þar sem lífúrgangi er safnað í 35-40 lítra hólf (handraða) sem hengd eru innan í gráu tunnuna, enda er alla jafna nóg pláss í þeirri tunnu. Þetta fyrirkomulag er sagt hafa reynst vel á Akureyri og víðar, en heyrst hefur að Vinnueftirlitið hafi lýst efasemdum um ágæti þessarar aðferðar vegna vinnuverndarsjónarmiða. Ekki er þó vitað til að upp hafi komið vandamál af því tagi, og eftir því sem best er vitað hefur Vinnueftirlitið ekki aðhafst frekar.

Samhljómur var um að láta á það reyna hvort framangreint fyrirkomulag gangi upp m.t.t. ákvæða í lögum nr. 55/2003. Fyrirkomulagið yrði þá sem segir hér að neðan.

### 3.1 Snæfellsbær

Tveggja tunnu kerfi. Pappír safnað í græna tunnu og plast sett í sömu tunnu í lokuðum glærum plastpokum. Lífúrgangi safnað í brúnt hólf sem hengt yrði innan í gráu tunnuna. Óbreytt söfnun á blönduðum úrgangi. Málmum safnað á grenndarstöð.

### 3.2 Grundarfjarðarbær

Þriggja tunnu kerfi. Pappír safnað í græna tunnu og plast sett í sömu tunnu í lokuðum glærum plastpokum. Óbreytt söfnun á lífúrgangi og blönduðum úrgangi. Málmum safnað á grenndarstöð.

## 4 Grenndarstöðvar (litlar og stórar)

Ræddur var sá möguleiki að koma upp litlum færanlegum grenndarstöðvum (t.d. svonefndum „Node-stöðvum“) sem hver um sig gæti þjónað 6-10 fámennum heimilum. Hver slík stöð samanstendur af fjórum ílátum (t.d. pappír, plast, lífúrgangur, blandað), t.d. 800 l hverju, sem tengd eru saman í eina einingu. Stöðvarnar eru á hjólum og rúmast t.d. á einu bílastæði. Tæming fer fram með samskonar bílum og safna úrgangi frá heimilum. Tæming er fljótlegri en tæming frá einstökum heimilum og þarfnast minni mannafla. Ef slíkar stöðvar væri teknar í notkun þyrfti öll söfnun frá viðkomandi heimilum að færast þangað.

Þörf er á að endurskoða og e.t.v. þetta kerfi stærri grenndarstöðva í báðum sveitarfélögum sem í hlut eiga. Á þessum stærri grenndarstöðvum þyrftu að vera ílát fyrir a.m.k. málma, gler og textíl til að uppfylla lagaákvæði varðandi söfnun þessara úrgangsflokka. Fram kom að æskilegt væri að semja við Rauðakrossinn um að leggja til textílgáma á þessum stöðvum.

## 5 Samningar við verktaka

Ræddur var sá möguleiki að sveitarfélögin tækju úrgangsmálin í sínar hendur í stað þess að endurnýja samninga við verktaka, m.a. í ljósi breyttrar aðkomu Úrvinnslusjóðs að söfnun tiltekinna úrgangsflokka. Í öllu falli væri ástæða til að ræða samningsstöðu sveitarfélaganna gagnvart verktökunum, svo og kosti sameiginlegs útboðs. Þá var rætt um kosti þess og galla að sveitarfélögin ættu innviði úrgangsmála sjálf, þ.m.t. móttökustöðvar. Þannig væri væntanlega hægt að gera sveitarfélögin minna háð einstökum verktökum.

## 6 Næstu skref

Til greina kemur að sveitarfélögin sendi sameiginlega beiðni til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins um undanþágu til að safna plastumbúðum í ílát fyrir pappír og pappa, að því tilskýldu að allar plastumbúðir séu í glærum, lokuðum plastpokum.



# **Snæfellsbær**



**Jafnréttisáætlun**  
**2022-2026**

## Inngangur

Tilgangurinn með gerð jafnréttisáætlunar Snæfellsbæjar er að vekja athygli á rétti hvers einstaklings til jafnra tækifæra í lífinu og að það sé hagur samfélagsins í heild að virðing sé borin fyrir hæfileikum allra.

Jafnréttisáætlun Snæfellsbæjar byggir á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 er fjalla um jafnrétti kynjanna og annarra laga er tengjast jafnrétti óháð kyni. Markmið laganna er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu allra á öllum samfélagssviðum.

Jafnrétti felur m.a. í sér að:

- **Allir einstaklingar hafi jöfn áhrif í samfélaginu.**

Allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni.

- **Efnahagslegt jafnræði sé milli allra.**

Allir eiga að hafa sömu möguleika til menntunar, launavinnu og fjárhagslegs sjálfstæðis óháð kyni. Vinna skal gegn launamisrétti og annarri mismunun á grundvelli kyns á vinnumarkaði.

- **Jafna skiptingu umönnunar- og heimilisstarfa.**

Öllum skal gert kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Allir eiga að bera sömu ábyrgð á heimilisstörfum og hafa sömu möguleika á að annast sína nánustu og þiggja umönnun.

- **Breyta hefðbundnum kynjaímyndum og neikvæðum staðalímyndum.**

Margar af þeim hefðbundnu kynjaímyndum og staðalímyndum um hlutverk kynja sem eru ríkjandi í samfélaginu koma í veg fyrir að ólíkir einstaklingar geti notið hæfileika sinna og atorku til fulls.

Jafnrétti snýst um að jafna aðgang að gæðum þannig að skilyrði allra í Snæfellsbæ, óháð kyni, til að njóta allra lífsins gæða verði eins og best verður á kosið.

Jöfn staða allra, óháð kyni, er grundvallaréttur og jöfn þátttaka allra í ákvarðanatöku er forsenda lýðræðislegs þjóðfélags.

Leiðarljós við gerð jafnréttisáætlunar:

- Allir njóti jafnra tækifæra og hafi sömu möguleika til áhrifa í sveitarfélaginu.
- Stúlkum og drengjum verði sköpuð tækifæri til náms og félagslífs sem ekki mótast af hefðbundnum kynhlutverkum.
- Mikilvægt jafnréttismál er að útrýma kynbundnu ofbeldi og klámvæðingu.
- Jafnréttisáætlun þessi skal höfð að leiðarljósi við gerð annarra áætlana og stefnumótunar Snæfellsbæjar.

Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 er kveðið á um að sveitarfélög skipi jafnréttisnefndir og geri jafnréttisáætlanir með framkvæmdaáætlun. Jafnframt kemur þar fram að heimilt sé að fela annarri nefnd þennan málaflökk. Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar Snæfellsbæjar fer með jafnréttismál bæjarfélagsins og mun hafa umsjón með gerð jafnréttisáætlana til fjögurra ára, þar sem m.a. kemur fram hvernig unnið skuli að kynjasambættingu á öllum sviðum ásamt framkvæmdaáætlun um það hvernig leiðrétta skuli mismun á stöðu kvenna og karla innan bæjarfélagsins .



Jafnréttisáætlum Snæfellsbæjar er ætlað að taka til ólíkra hlutverka sveitarfélagsins, þ.e. í fyrsta lagi sem stjórnvalds, í öðru lagi sem atvinnurekanda og þriðja lagi sem veitanda þjónustu.

### **Framkvæmd og umfang**

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar ber ábyrgð á jafnréttisáætlun bæjarfélagsins. Starfsmaður bæjarstjórnar er bæjarstjóri sem skal vera til ráðgjafar í málaflokknum, jafnt fyrir starfsmenn sem og íbúa Snæfellsbæjar. Jafnréttisáætlunin skal kynnt öllum stjórnendum, starfsmönnum sveitarfélagsins og kjörnum fulltrúum. Félags- og skólapijónusta Snæfellinga er bæjarstjórn innan handar um ráðgjöf og fræðslu ef þörf er á.

### **Jafnréttisnefnd**

Velferðarnefnd Snæfellsbæjar fer með störf jafnréttisnefndar samkvæmt bæjarmálasamþykkt Snæfellsbæjar nr. 641/2013. Nefndin skal vera ráðgefandi fyrir bæjarstjórn Snæfellsbæjar í málefnum er varða jafnrétti kvenna og karla ásamt því að fylgjast með og leggja fram tillögur til bæjarstjórnar að sérstökum aðgerðum til að tryggja jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Auk þess skal nefndin hafa frumkvæði að og fylgjast með aðgerðum til að tryggja jafna stöðu og jafnan rétt innan sveitarfélagsins.

Helstu verkefni á sviði jafnréttismála eru að kanna og stuðla að jafnri stöðu kynjanna hjá fyrirtækjum og stofnunum bæjarins. Að afla upplýsinga um jafnréttismál, m.a. með því að safna gögnum, sækja fundi, ráðstefnur og námskeið er varða jafnréttismál og miðla þeim áfram, og að hafa samstarf við Jafnréttisstofu. Annað hvert ár ber nefndinni að skila skýrslu um stöðu og þróun mála til Jafnréttisstofu.

### **Framboðslistar, nefndir, ráð og stjórnir**

Við skipan á framboðslista til sveitarstjórna og í nefndir, ráð, stjórnir og starfshópa á vegum bæjarfélagsins skal, í samræmi við jafnréttislög, gæta þess að hlutfall kynjanna sé sem jafnast. Stjórnsmálaflokkum ber að hafa þetta ákvæði að leiðarljósi þegar settir eru fram framboðslistar og settar fram tillögur um fulltrúa í nefndir, ráð, stjórnir og starfshópa og taka mið af 15. gr. laga nr. 10/2008 og 2.tl. 44.gr. laga nr. 138/2011. Við tilnefningar skal leitast við að veita innflytjendum og öðrum hópum sem hallar á í samfélaginu tækifæri til þátttöku í nefndum og ráðum. Stjórnsýsla sveitarfélagsins á að vera fordæmisgefandi fyrir aðra aðila í bæjarfélaginu.

**Leiðir að markmiði:** Fyrir hverjar sveitarstjórnarkosningar skulu öll framboð til sveitarstjórna hvött til þess bréflaga að konur og karlar hafi jafnt vægi á listum og að þess sé gætt við kosningar í nefndir, ráð og stjórnir að hlutföll og ábyrgðarsvið milli kynjanna séu sem jöfnust.

Gerð verði úttekt á hlutfall kynja í nefndum, ráðum og stjórnnum í síðasta lagi fjórum mánuðum eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar og ábendingum um úrbætur komið til bæjarstjórnar og oddvita framboðslista. Að minnsta kosti annað hvert ár skal kanna hvort breytingar hafi orðið á nefndaskipan á kjörtímabilinu.

**Tímarammi:** Niðurstöður úttektar verði kynntar fyrir bæjarstjórn í síðasta lagi fjórum mánuðum eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar og tveimur árum eftir sveitarstjórnarkosningar verði gerð grein fyrir því hvort að breytingar hafi orðið á nefndaskipan.

**Mælikvarði:** Ekki lægra en 40% hlutfall hvors kyns fyrir sig í nefndum, stjórnnum og ráðum. Ef um þriggja manna nefnd/stjórn/ráð er að ræða, þá 33,3%

**Ábyrgð:** Velferðarnefnd og bæjarstjórn.



## **Kynjasambætting**

Við stefnumótun og áætlanagerð á vegum sveitarfélagsins og stofnana þess skal hugað sérstaklega að misjöfnun áhrifum fyrirhugaðra breytinga á kynin. Hið sama gildir um ákvarðanatöku innan stjórnsýslunnar og stofnana eftir því sem við getur átt.

**Leiðir að markmiði:** Í skilningi jafnréttislaga felst í kynjasambættingu að stefnumótunarferli sé metið, skipulagt, bætt og þróað þannig að sjónarhorn allra kynja sé fléttað inn í ákvarðanir þeirra sem taka þátt í stefnumótun í samfélaginu. Með það að leiðarljósi verður sambætting kynjajafnréttis að eðlilegum þætti í starfsemi og ákvörðunum bæjarstjórnar og stofnana sveitarfélagsins.

Í undirbúningi að ákvarðanatöku og við úthlutun fjármagns, t.d. í fjárhagsáætlunargerð, þarf að taka mið af þörfum og viðhorfum kynjanna og greina áhrif ákvarðana á stöðu þeirra. Þegar verið er að undirbúa ákvarðanatöku sem hefur sérstök áhrif á ákveðna aldurshópa skal taka mið af þörfum og viðhorfum fólks á mismunandi aldri og er eftir föngum haft samráð við fulltrúa viðkomandi hópa.

**Ábyrgð:** Bæjarstjórn, bæjarstjóri og forstöðumenn stofnanna.

## **Jafnlaunastefna**

Við ákvörðun launa skal þess gætt að kynjum sé ekki mismunað. Megin markmið er að konum og körlum skulu greidd jöfn laun og skulu þau njóta sömu kjara fyrir sömu, eða jafnverðmæt störf. Með jöfnum launum er átt við að laun séu ákveðin á sama hátt fyrir konur og karla og að þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðunum feli ekki í sér kynjamismunun. Laun eru í 8. tölulið 2. gr. jafnréttislaga skilgreind sem almennt endurgjald fyrir störf og hvers konar frekari þóknun, bein og óbein, hvort heldur er með hlunnindagreiðslum eða með öðrum hætti sem atvinnurekandi greiðir starfsmanni sínum fyrir vinnu hans.

Snæfellsbær vill sem atvinnurekandi tryggja starfsmönnum sínum af erlendum uppruna jafnræði og jafnrétti á við aðra starfsmenn sveitarfélagsins. Þess skal gætt að við ráðningar og ákvarðanir um kjör starfsmanna sveitarfélagsins ráði ekki ómálefnalegar aðstæður.

Á vinnustöðum sveitarfélagsins sé unnið gegn fordómum gagnvart starfsfólki vegna uppruna, litarháttar, þjóðernis eða menningarlegs bakgrunns. Skal jafnframt vera boðið upp á fræðslu um fordóma þegar þess er þörf.

**Leiðir að markmiði:** Bæjarráð óskar eftir upplýsingum frá launafulltrúa Snæfellsbæjar um hvort til staðar sé óútskýrður kynbundinn launamunur í sveitarfélaginu, og ef svo er, þá verði gerð áætlun um hvernig hlutur kynjanna verði jafnaður. Einnig verður farið sérstaklega yfir þær útskýringar með stjórnendum. Jafnlaunamarkmið eru rýnd árlega þegar rýni stjórnenda fer fram, staða þeirra skjalfest og ákvörðun tekun hvort ástæða sé til breytinga.

**Tímasetning:** Mars – apríl ár hvert, fyrir ytri úttekt og endurúttektir.

**Mælikvarði:** Óútskýrður launamunur skal vera enginn og frávik ekki meiri en 5%.

**Ábyrgð:** Bæjarstjórn/bæjarstjóri bera ábyrgð á að launagreining sé framkvæmd ásamt launafulltrúa í samvinnu við bæjarritara.

## **Auglýsingar og ráðningar**

Snæfellsbær vinnur að jafnrétti kynjanna á vinnustöðum og sér til þess að innan þeirra endurspeglist margbreytileiki samfélagsins. Snæfellsbær vill sem atvinnurekandi vera til fyrirmyndar á þessu sviði og mun nýta þau tæki sem felast í starfsmannastefnu sveitarfélagsins.

Störf sem laus eru til umsóknar skulu standa opin öllum kynjum, sbr. 20. gr. jafnréttis laga. Stefnt er að því að kyngera engin störf innan sveitarfélagsins auk þess sem markvisst skal vinna að því að jafna stöðu kynjanna í allri starfsemi Snæfellsbæjar.

**Leiðir að markmiði:** Í auglýsingum á vegum Snæfellsbæjar og stofnana hans eru störf ókyngreind og skal gæta jafnræðis allra hópa og jafnrar virðingar kynjanna. Sérstaklega skal hvetja aðila sem hallað er á að sækja um auglýst störf. Jafnréttissjónarmið skulu metin til jafns við önnur sjónarmið þegar ráðið er í stöður hjá Snæfellsbæ.

Við ráðningar starfsfólks ber að vinna sérstaklega að því að jafna stöðu kynjanna innan deilda eða stofnana og stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kynbundin störf. Við ráðningar er óheimilt að mismuna kynjum á grundvelli fjölskyldustöðu eða annarra þátta þar sem ætla má að kynbundnir einkahagir hafi áhrif.

**Tímasetning:** Tímabil hvers ráðningarferlis.

**Mælikvarði:** Skoða hlutföll kynja í einstökum starfaflokkum og í störfum sem auglýst eru.

**Ábyrgð:** Bæjarstjórn, bæjarstjóri og forstöðumenn stofnana Snæfellsbæjar.

## **Starfsþjálfun, endurmenntun og framgangur í starfi**

Tryggt verði að allir, óháð kyni, njóti sömu möguleika til starfsþjálfunar og endurmenntunar. Þess verði gætt við úthlutun verkefna og tækifæra til að axla ábyrgð, sem og þegar um framgang eða tilfærslu í störfum er að ræða, að einstaklingum sé ekki mismunað vegna kynferðis. Sama gildir um starfs- eða vinnuhópa sem starfsfólk er skipað í.

**Leiðir að markmiði:** Haldið verði utan um þátttöku starfsfólks í námskeiðum, endurmenntun og í starfs – og vinnuhópum. Greina skal hvort á einhvern hallar við nýtingu slíkra tækifæra. Komi slíkt í ljós ber að reyna eftir fremsta megni að leiðrétta það.

**Tímasetning:** Fyrstu mánuðir hvers árs.

**Mælikvarði:** Skoða hlutföll kynja samkvæmt ofangreindu og hvort það samræmist kynjahlutfalli starfsmanna sem við á í hverju tilfalli.

**Ábyrgð:** Forstöðumenn stofnana Snæfellsbæjar og bæjarstjóri.

## **Jafnvægi milli atvinnu- og fjölskyldulífs**

Snæfellsbær leitast við að skapa starfsmönnum sínum aðstæður til að samræma kröfur atvinnu- og einkalífs eins og kostur er. Gert verði ráð fyrir að allir einstaklingar, óháð kyni, njóti sveigjanleika til að sinna fjölskyldum sínum. Óheimilt er að láta fæðingar- og foreldraorlof, eða aðrar aðstæður tengdar meðgöngu og barnsburði, hafa neikvæð áhrif á ákvarðanir um framgang í starfi, endurmenntun, uppsögn, vinnuaðstæður og fleiri slíka þætti



sem fram koma í 1. mgr. 26. gr. jafnréttislagana. Starfsmenn skulu eiga kost á hlutastörfum og sveigjanlegum vinnutíma eftir því sem kjarasamningar og aðstæður framast leyfa

**Leiðir að markmiði:** Öll verða hvött til að nýta sér rétt sinn til fæðingarorlofs og veikindadaga vegna veikinda barna sinna.

**Tímasetning:** eftir þörum

**Ábyrgð:** Bæjarstjóri.

### **Einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og kynbundið ofbeldi**

Það er stefna Snæfellsbæjar að starfsmenn sýni samstarfsfólki sínu alltaf kurteisi og virðingu í samskiptum. Einelti, kynbundin áreitni, kynferðisleg áreitni og kynbundið ofbeldi er með öllu óheimilt á vinnustöðum sveitarfélaganna. Allt starfsfólk á rétt á því að komið sé fram við það af virðingu og að það sæti ekki einelti, kynbundinni áreitni, kynferðislegri áreitni og kynbundnu ofbeldi sem nánar er skilgreint í jafnréttislögum og öðrum lögum.

Bæjarstjórn hefur samþykkt Stefna og viðbragðsáætlun vegna eineltis, kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar áreitni og ofbeldis á vinnustað.

Skilgreining Snæfellsbæjar á hvað einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og ofbeldi styðst við reglugerð nr. 1009/2015 en þar segir í 3. gr.:

**Kynbundin áreitni:** Hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi. Eitt tilvik getur talist kynbundin áreitni ef það er alvarlegt.

**Kynferðisleg áreitni:** Hvers kyns kynferðisleg hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg. Eitt tilvik getur talist kynbundin áreitni ef það er alvarlegt.

**Kynbundið ofbeldi:** Ofbeldi á grundvelli kyns sem leiðir til eða gæti leitt til líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir því verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi. Eitt tilvik getur talist kynbundin áreitni ef það er alvarlegt.

**Leiðir að markmiði:** Forstöðumenn skulu árlega kynna stefnu og viðbragðsáætlun Snæfellsbæjar vegna eineltis, kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar áreitni og ofbeldis á vinnustað fyrir starfsfólki sínu og jafnframt skal stefnan kynnt öllu nýju starfsfólki sem hefur störf. Stefnan skal jafnframt liggja frammi, öllum aðgengileg, á öllum stofnunum Snæfellsbæjar.

**Tímasetning:** Tvisvar á kjörtímabili, á 2. og 4. ári, skal stefnan tekin til umræðu á forstöðumannafundum og þeir í kjölfarið beðnir um að kynna hana á starfsmannafundum sinna stofnana ásamt því að kynna hana ávallt fyrir nýjum stafsmönnum.



**Ábyrgð:** Bæjarstjórn, bæjarstjóri og forstöðumenn stofnana Snæfellsbæjar.

### **Þjónusta við bæjarbúa**

Tryggja á jafnan aðgang allra að þjónustu Snæfellsbæjar. Allar stofnanir sveitarfélagsins skulu vinna markvisst og skipulega að því að móta og þróa þjónustu og upplýsingargjöf í þágu margbreytilegs sveitarfélags. Við ákvarðanir um tilhögun hennar skal taka mið af þörfum og áhrifum allra. Flétta skal jafnréttisjónarmið saman við alla þjónustu Snæfellsbæjar og á þjónustan að einkennast af jákvæðum samskiptum og gagnkvæmri virðingu kynjanna. Í allri þjónustu skal tekið tillit til þess að þarfir fólks fyrir þjónustu eru mismunandi.

**Leiðir að markmiði:** Við ákvarðanir um tilhögun þjónustu skal taka mið af þörfum allra og kynbundnum áhrifum hennar. Allt uppeldis- og tómsundastarf, menntun og fræðsla sem fram fer á ábyrgð Snæfellsbæjar og stofnana hans, hafi jafna stöðu kynjanna að leiðarljósi.

Styrkja skal jákvæð samskipti og gagnkvæma virðingu kynjanna í öllu starfi með íbúum Snæfellsbæjar. Stuðla ber að því að viðhorf til allra aldurshópa sem njóta þjónustu sveitarfélagsins sé jákvætt og uppbyggilegt. Tryggja skal börnum vernd fyrir hvers konar ofbeldi, vanrækslu og misnotkun. Fatlaðir eigi jafnan aðgang að þjónustu og ófatlaðir. Þess á að gæta þegar þjónusta er skipulögð, að hún taki mið af þörfum ólíkra hópa fatlaðra af öllum kynjum. Opinberar byggingar þurfa að vera aðgengilegar fyrir alla, óháð fötlun, sbr. lög um málefni fatlaðra nr. 59/1992. Tryggja þarf fötluðum aðgengi að upplýsingum um réttindi sín.

**Ábyrgð:** Bæjarstjóri, forstöðumenn og starfsmenn stofnana Snæfellsbæjar og Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga.

### **Skólakerfið, íþrótt-, forvarna- og tómsundamál**

Lögbundið er að veita fræðslu um jafnréttismál á öllum skólastigum, m.a. með því að leggja áherslu á að búa öll kyn jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldulífi og atvinnulífi.

Allt uppeldis- og tómsundastarf, menntun og fræðsla skal hafa jafna stöðu kynjanna að leiðarljósi. Styrkja skal jákvæð samskipti og gagnkvæma virðingu kynjanna í öllu starfi með börnum og unglingum og þau skulu hvött til að rækta hæfileika sína og persónuþroska án hamlandi áhrifa hefðbundinna kynjaímynda. Skólayfirvöld og stjórnendur íþrótt-, félags- og tómsundastarfs, styrki jákvæða kynímynd allra og vinni gegn skaðlegum áhrifum klámvæðingar. Íþrótt- og tómsundastarf skal skipulagt með þarfir og hagsmuni allra í huga, svo sem varðandi tímasetningu og aðstöðu.

Í uppeldis- og tómsundastarfi, menntun og fræðslu á vegum sveitarfélagsins skal tillit tekið til ólíkra síða er tengjast mismunandi trúarbrögðum. Þjónusta sveitarfélagsins skal einkennast af jákvæðum samskiptum og gagnkvæmri virðingu, óháð stjórn mála- eða trúarskoðunum fólks. Unnið skal að því að útrýma fordómum sem grundvallast á trúar- eða stjórn málaaskoðunum.

**Leiðir að markmiði:** Lögð er áhersla á að starfsmenn fái þjálfun í að undirbúa nemendur undir einkalíf, atvinnulíf, félagslíf og fjölskyldulíf í fjölbreyttu samfélagi. Skólayfirvöld sjái til þess eftir fremsta megni að námsefni mismuni ekki kynjum og í náms og starfsfræðslu verði lögð áhersla á að kynna öllum störf sem hingað til hafa verið álitin hefðbundin kvenna-

og karlastörf. Allir starfsmenn Snæfellsbæjar beri ábyrgð á að skapa andrúmsloft sem er laust við fordóma.

